

## Tillaga til sveitarstjórnar um útsvar og fasteignaskatt 2024

### A. Útsvar

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2024 verði jafnt lögbundnu hámarki sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 eins og þau eru á hverjum tíma.

Við gerð samþykktar þessarar er gert ráð fyrir að hámarkshlutfallið verði 14,97% frá 1. janúar 2024.

### B. Fasteignaskattur

a) 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

b) 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis, skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.

c) 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.

### C. Lóðarleiga

a) Íbúðarhúsnæði: 1,70% af fasteignamati lóðar.

b) Atvinnuhúsnæði: 2,00% af fasteignamati lóðar.

### Afsláttur af fasteignaskatti ellilífeyrisþega og öryrkja sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 og reglur Dalabyggðar:

Ellilífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi, sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu og hafi ekki af því leigutekjur.

Afsláttur ellilífeyrisþega getur þó að hámarki verið 82.000kr.- árið 2024. Afslátturinn er tekjutengdur.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar		
Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	5.134.332	100%
Allt að	5.934.332	75%
Allt að	6.834.332	50%
Allt að	7.534.332	25%
Hjón / sambýlisfólk		
Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	8.247.936	100%
Allt að	9.047.936	75%
Allt að	9.847.936	50%
Allt að	10.647.936	25%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) tveimur árum fyrir álagningu (2022), sbr. skattframtal árið fyrir álagningu (2023) og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts á álagningarári (2024).

### **Innheimta**

Fasteignagjöldin verða innheimt með greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í hvaða banka, sparisjóði eða netbanka sem er. Gjaldendum er einnig bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd fyrir 15. febrúar. Hámarksafsláttur er kr. 30.000,-

Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 5. febrúar og sá síðasti 5. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalddagi 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda af fasteignagjöldum (án viðbótarkostnaðar) eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt.

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

*Álagningarhlutfall útsvars og fasteignagjalds 2024 samþykkt á 240. fundi sveitarstjórnar þann 7.12.2023, breytingartillaga vegna hámarksútsvars samþykkt á 241. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 19.12.2023 og afsláttur af fasteignaskatti ellilífeyrisþega og öryrkja uppfærður á 316. fundi byggðarráðs þann 8.1.2024.*

  
Björn Bjarki Þorsteinsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar

